

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis í Krossanesi, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt á fundi sínum 18. júlí sl. deiliskipulag hafnarsvæðis í Krossanesi. Skipulagssvæðið afmarkast til vesturs af fyrirhugaðri legu Krossanesbrautar. Það tekur yfir allt núverandi land og landfyllingar austan brautarinnar frá Jötunheimavík norður að túnum í Ytra-Krossanesi, og að auki kveður skipulagið á um nýjar fyllingar og viðlegukanta norðan og sunnan núverandi kants.

Greinargerð og skipulagsuppdráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 18. október 2000.

Fyrir hönd Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Bjargslandi, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar samþykkti breytingu á ofangreindu deiliskipulagi á fundi sínum þann 14. september 2000.

Tillagan var í grenndarkynningu 27. apríl til 29. maí sl. samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir sama svæði frá 30. nóvember 1978.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 13. október 2000.

F.h. Borgarbyggðar,

Baldur Tómasson byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness er taki gildi 1. nóvember 2000.

Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 880, 17. desember 1999, breytist þannig: